

**Brjef stjórnarráðsins til bæjarfógetans á Ísafirði um kærnu útaf niðurjöfnun aukaútsvara.** 73  
11. júní

Með brjefi, dagsettu 14. f. m., hefir stjórnarráðinu borizt umsögn yðar, herra bæjarfógeti, og umsögn bæjarstjórnarinnar í Ísafjardarkaupstað, sem um hafði verið bedið útaf erindi frá formanni niðurjöfnunarnefndarinnar í nefndum kaupstað, Helga Sveinssyni, þar sem hann áfrýjar úrskurðum bæjarstjórnarinnar útaf ýmsum útsvarskærum og krefst þess, að þeir sjeu úr gildi felldir, principaliter af þeim ástæðum, 1. að bæjarstjórnin hafi ekki tekið kærurnar til meðferðar fyren 1—2 dögum eptirað »úrskurðarfrestur« bæjarstjórnar hafi verið liðinn, 2. að bæjarstjórnin hafi hækkað útsvör um 172 kr. meira en lækkanirnar nemi og þannig jafnað niður 172 kr. meira, en henni hafi verið heimilt eptir áætlun, en til vara hefir hann átalið hina einstöku úrskurði af efnisástæðum, mestmegnis með tilliti til efnahags þeirra, sem útsvar hefir verið hækkað á, en að því er snertir einn mann, sem lækkað var á, er það til foráttu fundið, að kærnan hafi verið of seint framkomin, og úrskurður bæjarstjórnarinnar sje því ólögmaetur.

Jafnframt þessu hefir kærandinn kvartað yfir því, að hann hafi ekki fengið hjá bæjarfógeta eptirrit af einni af útsvarskærum þeim, er hann hafi bedið um, og spurzt fyrir um, hvort það sje rjett hjá bæjarfógeta, að honum sje ekki skylt að láta annað í tje af umbednum útskriptum, en hann sjálfur álití áfrýjanda nauðsynlegt.

Útaf þessu skal það tekið fram að útsvarskærum sem slíkar liggja alls ekki undir áfrýjan til æðri stjórnarvalda, heldur eru úrskurðir sýslunefnda og bæjarstjórna um útsvör manna endanlegir, ef þeir eru formlega lögmaetir. Erindi formanns niðurjöfnunarnefndarinnar getur því þegar af þeirri ástæðu ekki tekizt til álíta, nema að því leyti sem það getur skodazt sem kærna yfir því, að bæjarstjórnin hafi beitt ranglega valdi sínu, o: brotið lögin, sbr. 30. gr. bæjarstjórnarlaganna 8. okt. 1883. Það er nú að vísu svo, að útsvarskæurnar hefðu átt að takast til meðferðar í bæjarstjórninni innan þess frests, sem tiltekinn er í 21. gr. nefndra laga, en jafnvel þóað sá litli dráttur, sem á því varð, hefði eigi verið rjettlættur, eins og gjört hefir verið í umsögn yðar, þá gat hann með engu móti haft þá afleiðingu að gjöra úrskurðinn um kærurnar ólögmaetan, heldur hefði hann aðeins getað sætt vítum sem vanræksla. Hækkun sú á útsvarsupphæðinni, sem leiddi af úrskurðunum um útsvarskæurnar, var fyllilega heimil bæjarstjórninni, sem var bær um að vikja frá áætlun sinni um þetta atriði. Apturámóti verður að álíta að bæjarstjórnin hefði átt að vísa kærnu Friðbergs Stefánssonar frá sem of seint framkominni, afþvíað hún barst ekki oddvita bæjarstjórnar fyren löngu eptir að kærufrestur var liðinn, og ber ekki að innheimta þær 2 kr., sem útsvör Guðm. Þorbjörnssonar hefir verið hækkað um nje þá 1 kr., sem útsvar Alberts Jónssonar hefir verið hækkað um í tilefni af kærnu þessari, nema þvíadeins að þeir sætti sig við úrskurðinn. En meðþvíað þeir hafa ekki kært yfir hækkuninni, sem þeim auðvitað er heimilt að undirgangast, og meðþvíað 3 kr. lækkunin á útsvari Friðbergs Stefánssonar getur skodast sem eptirgjöf af hálfu bæjarstjórnar á gjaldi, er hún telur sanngjarnt, þá verður úrskurður þessi ekki að öðru leyti felldur úr gildi.

12. dag júnimánaðar 1904.

**73** Meðþvíð Helgi Sveinsson var ekki aðili að neinum þeim útsvarskærumálum, sem hann tók sjer fyrir hendur að áfrýja, og ekki verður sjeð að úrskurðir bæjarstjórnarinnar hafi snert rjettindi hans, hagsmuni eða skyldur á neinn hátt, verður ekki sjeð að umkvörtun hans yfir því, að hann hafi ekki fengið eitt umbedið eptirrit hjá bæjarfógeta, sje á neinum rökum byggð.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar fyrir kæranda.

## Reglugjörð

um fjallskil með meiru í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

**74**  
7. júní

Amtsráðið í Vesturamtinu gjörir kunnugt: Samkvæmt lögum 22. marz 1890, um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda, og lögum 24. nóvbr. 1903, um breyting á 3. gr. í fyrnefndum lögum, 22. marz 1900, er hjermeð staðfest og löggilt eptirfylgjandi

### REGLUGJÖRD

um fjallskil með meiru í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, sem er samin af sýslunefndinni þar, og skal reglugjörðin öðlast gildi 1. septbr. 1904.

#### I. kafli.

Um geldfjárrekstur á afrjettir og fjalllönd á vorum.

##### 1. gr.

Hreppsúar í þeim sveitum, þar sem nægjanleg afrjettarlönd eru, skulu, ef þeir að áliti hreppsnefndar ekki eiga nægileg fjalllönd fyrir sjálfa sig, skyldir að reka í miðja afrjett að vorinu allt geldfje sitt, að meðtöldum dilkám. Nú eru engin slík afrjettarlönd til, heldur aðeins heimalönd og búfjárhagar, skal þá hreppsnefndin annast um, ef ekki fæst upprekstur í annari sveit, að fjenu sje jafnað niður í löndin að tiltölu rjettri við landrými og með samkomulagi við landeiganda. Skulu sveitarmenn skyldir að nota slíkan upprekstur eptir ávisun hreppsnefndar, svo framarlega sem upprekstrartollurinn fer ekki fram úr því, sem hann er ákveðinn hjer áeptir.

##### 2. gr.

Í upprekstrartoll greiðist 50 aurar fyrir hverjar 10 sauðkindur, lömb eða roskið fje; skal tollur þessi greiddur innan októbermánaðarloka, ef ekki er öðruvisi umsamið. Hver fjáreigandi skal skyldur til að skýra hlutadeigandi hrepps-